

FRÉTTATILKYNNING

Viðræðunefnd Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Samtaka um kvennalista hefur ákveðið að efna til stofnfundar nýs stjórnámálflokks á þeim grunni sem lagður var með kosningabandalagi þeirra, Samfylkingunni. Hinn nýji flokkur taki við þeim réttindum þeirra og skyldum í stjórnámálastarfi sem því fylgir. Fundurinn verður haldinn í Reykjavík dagana 5. og 6. maí n.k.

Rétt til setu á stofnfundi með fullum atkvæðisrétti skulu eiga fulltrúar allra aðildarfélaga og anga samstarfsaðilanna og fulltrúar allra annara félaga, bæjarmálafélaga og annarra stjórnámálfélaga sem kjósa að eiga aðild þannig að einn fulltrúi fari með atkvæðisrétt fyrir hverja 10 eða brot af 10 aðalfélaga í hverju félagi. Kjósa skal jafn marga fulltrúa til vara.

Hvert það félag sem óskar eftir því að senda atkvæðisbæran fulltrúa á stofnfund skal senda undirbúningsnefnd lista með nöfnum allra félaga sinna sem greitt hafa árgjald þar sem fram komi hvort viðkomandi sé aðalfélagi eða aukafélagi. Skrár þessar mynda annars vegar kjörskrá fyrir formannskjör og hins vegar grundvöll fyrir ákvörðun á fjölda atkvæðisbærra fulltrúa úr hverju aðildarfélagi. Undirbúningsnefnd tilkynnir að svo búnu og svo fljótt sem verða má hverju og einu aðildarfélagi hversu marga atkvæðisbæra fulltrúa hverju félagi ber. Stofnfundurinn skal að öðru leyti vera opinn öllu félagsbundnu fólki í hinum nýju samtökum.

Formaður hins nýja flokks verður kjörinn með beinni kosningu allra félagsmanna í öllum aðildarfélögum og öngum samstarfsaðilanna og allra félagsmanna í öllum þeim félögum, bæjarmálafélögum og öðrum stjórnámálfélögum sem kjósa að eiga aðild að hinum nýju stjórnámálasamtökum. Kosning fari fram með póstkosningu en þó er kjörstjórn heimilt að ákveða að kosið skuli í kjördeildum í stærstu þéttbýliskjörnum. Nái enginn frambjóðandi a.m.k. 50% atkvæða skal kosið milli tveggja efstu á stofnfundi og þá af atkvæðisbærum fulltrúum á fundinum.

Framboðsfrestur vegna formannskjörs rennur út 15 mars n.k. Þann dag skuli frambjóðendur hafa skilað inn framboði ásamt með meðmælum samtals 80 félagsmanna þannig að einhver meðmælandi sé úr öllum (gömlu) kjördæmum landsins.

Öll aðildarélög skili inn félagaskrár fyrir 15. mars. Sama regla gildir um þegar stofnuð Samfylkingarfélög um land allt og önnur þau félög sem kosningabandalgi flokkanna og leiðtogum þess tengjast.

Formannskjör hefst 10. apríl n.k. og þann 17. apríl n.k. verður kjörskrár lokað. Formannskjóri líkur 26. apríl. Endanleg kjörskrá pr. 17. apríl n.k. verður lögð til grundvallar við ákvörðun um fjölda atkvæðisbærra fulltrúa úr hverju aðildarfélagi.

F.h. viðræðunefndar